

Grímsvötn - staða 1. nóvember 2010 kl. 17:00.

Minnisblað frá Veðurstofu Íslands og Jarðvísindastofnun Háskólans

- Unnið af: Þórunni Skaftadóttur, Agli Axelssyni, Rikke Pedersen og Gunnar B. Guðmundsson.
- Byggt á: Jarðskjálftamælum, vatnamælingum og GPS mælum.
- Bræðsluvatn: Það fékkst staðfest á föstudaginn með leiðnimælingu að hlaup væri hafið í Gígjukvísl og hefur rennsli aukist stöðugt síðan. Vegna breytinga á farvegum Skeiðarár skilar vatnið sér nú niður í Gígjukvísl og hafa vatnamælingamenn frá Veðurstofunni mælt rennsli af brúnni yfir Gígju. Rennsli mældist um miðjan dag á sunnudag um 144 m<sup>3</sup>/s. Í morgun mældist rennslið um 455 m<sup>3</sup>/s. Síðdegis í dag eða kl. 16:00 mældist rennslið 627 m<sup>3</sup>/s. Rafleiðni hefur vaxið samhliða vexti í rennsli eða frá 180 µS/cm upp í 320 µS/cm.
- Órói: Óróapúls kom fram á jarðskjálftamælinum við Grímsfjall um miðnætti þann 21. október og stóð fram á miðjan dag. Miðvikudagskvöldið þann 27. október eykst órói og hefur farið vaxandi síðan. Óróinn líkist mjög hlaupóróanum sem var 2004.
- Jarðskjálftar: Aðfaranótt 31. október kl. 03:19 varð jarðskjálfti um 3 að stærð með upptök í Grímsvötnum. Í dag 1.11. hafa orðið 3 jarðskjálftar undir Grímsvötnum, kl. 02:47 að stærð 0,9, kl. 03:12 að stærð 1,7 og kl. 16.56, að stærð 2,8. Ísskjálftar í Skeiðarárjökli komu fram í gær.
- GPS-aflögun: GPS mælingar hafa sýnt hægt vaxandi þenslu undir eldstöðinni síðan 2004. Erfitt er að meta lóðréttar hreyfingar vegna ísbráðnunar. Láréttar hreyfingar sýna svipaða þenslu og var fyrir gosið 2004. Hraði láréttra hreyfinga hefur aukist síðustu mánuði.
- Heildarmat: Staðfest var á föstudaginn 29. október að hlaup var hafið í Gígjukvísl. Rennslið í kvíslinni hefur aukist stöðugt. Rafleiðni hefur aukist töluvert. Það bendir til þess að jarðhitavatn sé í ánni. Engin merki um gosóróa sjást. Vel er fylgst með framvindunni.